

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Flm.: Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Pétur H. Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson,
Illugi Gunnarsson, Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Orðin „og eigi lægra en 11,24%“ í 1. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Þegar lögum um tekjustofna sveitarfélaga var breytt árið 1993 voru sett inn ný mörk um hámarksútsvar ásamt því að lágmarksútsvar var tekið upp. Ákvæðið um lágmarksútsvar var umdeilt, m.a. vegna þess að það leiddi til verulegrar hækkunar á útsvari ákveðinna sveitarfélaga.

Sveitarfélögin hafa ákveðna tekjustofna, t.d. útsvar, fasteignaskatt og þjónustutekjur. Þau nýta þessa tekjustofna til þess að sinna lögbundnum hlutverkum sínum, svo sem rekstri grunnskóla, félagsþjónustu o.s.frv. Með þessu frumvarpi er ekki verið að leggja til breytingar á lögbundnu hlutverki sveitarfélaga. Vilji sveitarfélög hins vegar lækka útsvar sitt á löggjafinn ekki að standa í vegi fyrir því.

Í stjórnarskránni kemur fram að sveitarfélögin skuli sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Hlýtur það að teljast eðlilegur skilningur á því ákvæði að haldgóð rök og verulegir hagsmunir þurfi að koma til til að þessi ákvörðunarréttur sé skertur. Bein íhlutun um lágmarksútsvar getur tæpast talist uppfylla þau skilyrði.

Óeðlilegt er að bundið sé í lög að innheimta skuli að lágmarki tiltekinn skatt af íbúum, hvort sem þörf sé á honum til að sinna lögbundnu hlutverki eða ekki. Sveitarfélag þarf að uppfylla lögbundið hlutverk sitt, en óhófleg afskipti löggjafans af því hvernig slíkt er fjármagnað eru óþörf og draga úr valdi og ábyrgð kjörinna fulltrúa þjóðarinnar í sveitarstjórnarmálum til þess að leita sem hagkvæmasta leiða til þess að uppfylla hlutverk sitt.